



Undirbúningur fyrir fjármálaviðtal

Til að skilvirkni fjármálaviðtals verði sem mest er gott að undirbúa sig fyrir viðtalið, skoða t.d. hvort mögulegt sé að skera niður einhverja kostnaðarliði heimilisins eða hagræða í rekstri.

Þá er nauðsynlegt að safna eftirfarandi gögnum og taka þau með sér í viðtalið:

- Staðfest afrit af þremur síðustu skattaskýrslum. Hægt að prenta út á **www.skattur.is**.
- Útprintun frá innheimtumanni ríkissjóðs (fasteignagjöld, bifreiðagjöld og skattaskuldir). Fáanlegt hjá Tollstjóranum í Reykjavík eða sýslumönnum.
Hægt að prenta út á www.skattur.is (skattar og opinber gjöld).
- Staðfesting á eftirstöðvum og greiðslubyrði allra lána.
- Veðbókarvottorð á fasteignir í eigu umsækjanda. Hægt að fá hjá bankanum gegn gjaldi samkvæmt verðskrá.
- Staðfesting á tekjum síðustu sex mánaða.
- Staðfesting á tekjuskerðingu (ef við á).
- Staðfesting á langtíma veikindum (ef við á).
- Að auki getur Landsbankinn óskað frekari gagna.